



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJANESS

D Ó M U R

15. október 2009

Mál nr. S-666/2009:

Ákærandi: Ríkissaksóknari

(Július Kristinn Magnússon fulltrúi)

Ákærða: Kristín Couch Guðmundsdóttir

Dómari: Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 15. október 2009 í máli nr. S-666/2009:

Ákærvaldið

(Július Kristinn Magnússon fulltrúi)

gegn

Kristínu Couch Guðmundsdóttur

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, var höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 30. júní 2009, gegn Kristínu Couch Guðmundsdóttur, kt. 220765-4909, Ránarvöllum 5, Reykjanesbæ, „fyrir brot gegn iðnaðarlögum, með því að hafa fyrripart árs 2009 rekið á heimili sínu löggilta iðngrein í atvinnuskyni án þess að hafa til þess iðnaðarleyfi, án forstöðu meistara og án þess að hafa rétt til að starfa í iðngreininni, en ákærða, sem auglýsti ljósmyndastarfsemi á vefsíðunni kcmmyndir.com, tók í mörg skipti ljósmyndir sem hún vann úr og afhenti öðrum gegn gjaldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 2. gr. og 1. og 3. mgr. 8. gr., sbr. 1., 3., og 4. tl. 15. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, sbr. reglugerð nr. 940/1999 um löggiltar iðngreinar.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar“.

Ákærða hefur ekki sótt þing og ekki boðað forföll. Er dómur nú lagður á málið samkvæmt heimild í 1. mgr. 126. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, enda var þess getið í fyrirkalli, sem ákærðu var sjálfri birt lögum samkvæmt, að svo mætti fara með málið. Telst ákærða hafa gerst sek um þá háttsemi sem í ákæru greinir og þar er rétt heimfærð til refsíákvæða. Verður ákærða því sakfelld eins og krafist er í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærða ekki áður gerst sek um refsiverðan verknað. Að þessu virtu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 4 daga í sektar stað, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Engan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Kristín Couch Guðmundsdóttir, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, en sæti ella fangelsi í 4 daga.

Engan sakarkostnað leiddi af málinu

Arnfríður Einarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir.
Héraðsdómur Reykjaness 15.10.2009.